

REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND GLÍ

1. grein

- 1.1 Aganefnd skipa 3 menn kosnir af glímupingi til eins árs í senn.

2. grein

- 2.1 Verkefni aganefndar er að úrskurða um þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um glímumót, bæði sem stjórn GLÍ samþykkir dómara í og önnur mót sem félög og sambönd innan GLÍ standa fyrir.

3. grein

- 3.1 Úrskurður aganefndar getur fjallað um hvort sem er brot leikmanna, félaga eða forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.

4. grein

- 4.1 Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls íþróttasamtakanna.

5. grein

- 5.1 Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.

6. grein

- 6.1 Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
6.2 Óþrúðmannleg hegðun á kappmóti
6.3 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli glímu.
6.4 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
6.5 Að yfirgefa glímuvöll um stund eða lengur án þess að tilkynna glímustjóra það.
6.6 Að beita viðfangsmann, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.

7. grein

- 7.1 Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
7.2 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 6.2 - 6.5 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 6.2 - 6.5 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
7.3. Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 6.2 - 6.5 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
7.4 Ef dómnefnd hefur vikið leikmanni af glímuvelli fyrir brot á atriði 6.6 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
7.5 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.

8. grein

- 8.1 Brot félagsliða (eða sveita)

- 8.2 Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.
- 8.3 Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

9. grein

- 9.1 Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart glímumönnum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Staðfest 1. jan. 1975. Staðfest óbreytt 3. október 1993